

30. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn 29. apríl 2014

Fundargerð

Fundurinn er haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum.

Mætt: Valdimar O. Hermannsson formaður, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson sem var í síma frá Reykjavík, Auður Ingólfssdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Þórunn Eymundardóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð. Adolf Guðmundsson, sem er erlendis boðaði forföll.

Undir 3. dagskrárlíð er mætt Jóna Árný Þórðardóttir úr starfsháttanefnd.

Dagskrá:

1. Fundargerð 29. stjórnarfundar undirrituð og staðfest.
2. Staðfesting á forsendum starfslokasamnings framkvæmdastjóra. (SMA)
3. Staðfesting og útfærslur á stjórnun Austurbrúar ses, næstu mánuði.
 - Jóna Árný, úr starfsháttanefnd komi inn sem ráðgjafi stjórnar og starfandi framkvæmdastjóri fram að framhaldsársfundi n.k. haust.
4. Verkefnalisti KSG/VOH. (forgangsröðun verkefna og aðkoma aðila)
5. Tilhögun ársfundar Austurbrúar ses, dags 9. maí 2014, undirbúningur....
6. Boðaður fundur með starfsmönnum Austurbrúar, þriðjudaginn 29. Kl 20:00
7. Önnur mál,.....
 - Skipan í stjórn Breiðdalsseturs
 - Erindi, bréf ofl.p.h.

Formaður setur fund kl. 12.00 og býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð 29. Stjórnarfundar undirrituð og staðfest.

Fundargerð frá 29. stjórnarfundum, 22.apríl lögð fram, staðfest og undirrituð. Formaður kannaði hvort ekki væri sameiginlegur skilningur á fundargerðinni.

2. Staðfesting á forsendum starflokasamnings framkvæmdastjóra. (SMA).

Sverrir Mar fór yfir forsendur í starfslokasamningi framkvæmdastjóra. Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi forsendur.

3. Samkomulag útfærslur á stjórnun Austurbrúar ses, næstu mánuði.

- Jóna Árný, úr starfsháttanefnd komi inn sem ráðgjafi stjórnar og starfandi framkvæmdastjóri fram að framhaldsársfundi n.k. haust.

Formaður kynnti kynnti tillögu um að Jóna Árný Þórðardóttir komi tímabundið til starfa í Austurbrú. Rætt um mismunandi útfærslur með hvaða hætti það yrði. Niðurstaða varð um að hún yrði starfandi framkvæmdastjóri fram að framhaldsársfundi í haust.

- **Inn á fundinn kom Jóna Árný**

Rætt um fyrirkomulag og áherslur starfsins framundan. Samþykkt að meginverkefnið væru starfsmannamál, skipulagsmál og fjármál.

Rætt um starfskjör Jónu Árnýjar og samþykkt að Valdimar, Auður og Sverrir gangi frá samkomulagi um þau.

4. Verkefnalisti KSG/VOH. (forgangsröðun verkefna og aðkoma aðila)

Farið yfir verkefnalistann og rætt um verkaskiptingu.

5. Tilhögun ársfundar Austurbrúar ses, dags 9. maí 2014, undirbúningur....

Rætt um fyrirkomulag ársfundar. Valdimar og Jóna Árný verða með ávörp. Endurskoðandi skýrir ársreikning og hann lagður fram til samþykktar. Fulltrúar verða með kynningar hver fyrir sitt svið. Auk þess verður kosið í starfsháttanefnd í stað Jónu Árnýjar sem gengur úr nefndinni á meðan hún starfar sem framkvæmdastjóri.

6. Boðaður fundur með starfsmönnum Austurbrúar, 29.apríl kl. 20:00

Rætt um fyrirkomulag boðaðs starfsmannafundar.

7. Önnur mál

a) Skipan í stjórn Breiðdalsseturs

- a. Arnbjörg skýrir frá að hún telji heppilegt að nú komi heimamaður frá Breiðdalsvík inn í stjórn Breiðdalsseturs ses. Hún leggur til að Hákon Hansson verði tilnefndur fyrir hönd Austurbrúar í stjórnina. Varmaður hans verði Páll Baldursson. Stjórn samþykkti þessa tilhögun.

Fundi slitið kl. 14.00

Valdimar O. Hermannsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Þórunn Eymundardóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Sverrir Mar Albertsson

Auður Ingólfssdóttir